

From: Karl Karlsson [kalli@ekkert.org]
Sent: 6. maí 2012 19:34
To: Nefndasvið umsagnir
Subject: Atvinnuveganefnd v. Rammaáætlunar Athugasemd

Alþingi
Erindi nr. P 149/2068
komudagur 6.5.2012

Ég vil gera athugasemd við að það séu bara 3 virkjanir settar í verndarflokk á öllu suðvesturhorninu. Og reyndar hversu galið það er yfirhöfuð að reyna að að virkja á þessu svæði eftir ítrekaðar áránguslausar tilraunir.

Það er fjölmargt sem er rangt við áætlaðar jarðvarmavirkjanir á Reykjaneskaga:

Skjálfravirkni og kvikuhreyfing virðist vera að aukast, og er öllum ljóst að þetta er mjög virkt eldfjallasvæði.

Það mun gjósa á svæðinu fyrr en seinna.

Um er að ræða útivistarparadís í nágrenni höfuðborgarinnar sem nýtur vaxandi vinsælda. og það væri galið að planta niður svona mörgum virkjunum í Reykjanesfölkvangi. Þar sem mikil uppbygging hefur átt sér stað í kynningu og aðgengi að svæðinu

Allar virkjanatilraunir á svæðinu hafa engan árangur borið. Þar standa óvirk og ónotuð borholustæði hér og hvar um svæðið.

Jarðfræðingar virðast vera sammála um að vegna þess hve þurrt berglagið á milli kviku og grunnvatns sé á svæðinu er útilokað að virkjanir á svæðinu munu borga sig.

Það er áætlað að leggja línur yfir gamlar þjóðleiðir (Td. Ketilsstíg) Aðgerir sem slíkar tel æg flokkast undir gróf náttúruminjaspjöll.

Ég hvet ykkur hér með og krefst þess að þið setjið **allar** virkjanahugmyndir innan Reykjanesfölkvangs í verndarflokk.

Ég óska hér með eftir svári við þessari athugasemd.

Kveðja,
Karl Georg Karlsson
2002814899